- Af hverju ekki að byggja við hlið Veðurstofunnar í staðinn fyrir að hafa eitthvað grænt svæði þar sem enging notar. Hægt er að reisa stórar og miklar blokkir þar það sem þetta svæði skyggir ekki á neitt útsýni. Skrítið að fara að þrengja að íbúum og byggja alveg við hliðina á öðrum blokkum og vegum og svo stækka tilgangslaus græn svæði. Græn svæði við hlið blokka er mun mikilvægari en græn svæði hliðina á Veðurstofu og á milli tveggja háhraða gatna.
- Alls ekki þétta byggð við Grímsbæ.
- Borgarstjórn á að spyrja íbúa hvers svæðis hvernig þeim finnast tillögur að breytingu skipulags áður en hún byrjar að framkvæma. Þétting byggðar er þegar hafin við Bústaðaveg með það í huga að fækka bílastæðum fyrir hverja íbúð sem er algerlega út í hött. Rétta leiðin til að fá fólk til að minnka bílanotkun er ekki sú að neyða fólk til að eiga ekki bíl. Sérstaklega ekki þegar hugmyndin er að fækka strætóleiðum inn í íbúðahverfi og gera almenningi erfiðara fyrir að taka strætó. Markmiðið með strætó er að minnka losun mengunar út í andrúmsloftið en ef strætó minnkar svæðið sem hann keyrir inn á þá mun ég, sem hef alltaf notað strætó sem samgöngur, kaupa mér bíl.
- Bull.
- Bústaðarvegur ræður ekki við umferðina eins og hún er í dag, hvað þá ef íbúum og bílum fjölgar
- Byggjum frekar nýja borgarhluta
- Ef það á að þétta byggð við Bústaðaveg þá þarf að takmarka umferð inná Bústaðaveginn frá Reykjanesbrautinni. Alltof mikið af gegnumstreymisumferð af Reykjanesbrautinni sem á að fara um Miklubraut. Mikið hefur verið af umferðarslysum og börn oft í hættu þegar þau fara yfir Bústaðaveginn á leið til skóla og íþróttastarfs. Einnig þurfa íbúar að fá mjög skýra greinagerð hvernig nærumhverfi verður á byggingartíma.
- Ég átta mig ekki á hver er tilgangur með vistloki.
- Ég hef mun meiri skoðun á þéttingu við Bústaðaveg sem er í mínu nærumhverfi. Ég er mjög hlynnt þéttingu öðru megin við veginn en finnst full vel í lagt að þétta beggja megin. Fossvogsmegin virðist vera pláss sem er ekki Bústaðahverfismegin. En ég er hlynnt öllu sem dregur úr og hægir á bílaumferð á Bústaðaveginum þar sem þar skapast ítrekað stór hætta fyrir börn sem eru að fara í íþróttir.
- Frábærar hugmyndir!
- Fækka umferð á Bústaðavegi því þetta eru heimili fólks og ökumenn aka allt of hratt og skapa mikla hættu fyrir íbúana. Það þarf að beina umferðinni frá Bústaðaveginum því þetta er íbúðarhverfi. Umferðin þar er stórhættuleg og allt, allt of mikil. Þetta er ekki hraðbrautargata heldur íbúðargata. Vinsamlegast breytið þessu strax og virðið óskir húseigendanna takk fyrir.
- Hef á tilfinningunni að það sé búið að ákveða þetta allt og þessi könnun sé bara til málamynda - eigi að slá ryki í augu fólks og láta það halda að það hafi haft einhver áhrif á framvindu mála.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Hefði viljað svara ítarlegar um: 1. Breytingu á svæðum við hitaveitustokk, sem er ekki nógu nákvæmt á hverfisskipulagsuppdrætti, þar sem á einum stað (Hæðargarði) virðist sem setja eigi leikvöll á núverandi bílastæði við gamla Víkingsheimilið. Íbúar hverfisins vilja ekki fækka bílastæðum og í Hæðargarði er vöntun á þeim, austast í götunni. - 2. Strætó þyrfti að stoppa á Réttarholtsvegi svo að aldraðir íbúar H. 31-35 þurfi ekki niður á Miklubraut, Sogaveg eða Bústaðaveg. - 3. Bústaðavegur þarf að fá vistlok á 3-4 stöðum, svo að vegfarendur komist greiðlega og hættulaust frá heimilum sínum yfir í skóla, skátaheimili, væntanlega sundlaug o.fl. 4. Hvergi verður pláss fyrir snjóskafla eftir götuhreinsun á Bústaðavegi ef þrengt verður að honum.
- Huga þarf að því að gera hjólreiðastíga / hjólreiðabrautir svo aðlaðandi að ökumenn sjá það sem alvöru valkost að nota reiðhjólið til samgangna. Það verður ekki gert með því að leggja kræklóttan, mjóan göngustíg við hliðina á göngustíg og merkja hann sem hjólastíg. Það þarf meira til.
- Hvað með umferðina sem fer um Bústaðaveg í dag? Hvað með aðgengi að sjúkrahúsunum, ætti að vera löngu komin neyðarakgrein. Hver er staða leikskóla og grunnskóla á svæðinu, geta þeir tekið á móti þeim fjölda án þessa að lenda í gámalausnum.
- Í sambandi við byggingar: það er með ólíkindum sú afstaða að byggja þaklaus hús á Íslandi, veit ekki hverjum datt það í hug aftur, eftirlit með nýbyggingum er ekkert, búin að skoða fasteignir síðasta árið og það sem ég hef séð skemmd eða ónýt hús vegna lekavandamála, hélt að allir væru búnir að fá nóg af þessum byggingarstíl.
- Já. það er margt óskýrt. Hvar nákvæmlega er ætlað að hafa græn svæði við hitaveitustokkinn? Það sést ekki. Hvernig samræmist það þessari gríðarlegu þéttingu að vera með græn svæði? Þétting útrýmir þeim. Er ætlunin að íbúðarhúsin við Bústaðaveg (norðan megin) séu alveg ofan í götunni? Hefur verið hugleitt að þau taka alla birtu af húsunum fyrir ofan? Varðandi Háaleitisbraut - er alveg bráðnauðsynlegt að byggja alls staðar svo þétt að hvergi sjái í sól? Má ekki setja t.d. einnar hæðar hús? Lítil raðhús sem stöðugt er beðið um en aldrei er hægt að byggja? Af hverju þarf alltaf að setja risablokkir sem mynda skuggasund og vindgöng? Sólin er lágt á lofti stóran hluta árs á Íslandi og það þarf að huga að því. Heilsa fólks er gjarnan háð því að það sjái út en ekki bara í næsta vegg - það má ekki gleymast. Vinsamlega komið þessum athugasemdum til arkitekta og hugmyndafræðinga þéttinga - og spyrjið hvort þeir vildu búa t.d. þétt við Bústaðaveginn eða í íbúð sem snýr beint að næstu blokk og sér aldrei sól.
- Lykilatriði að draga úr hraða og gegnumstreymisumferð við Bústaðaveginn og gera götumyndina meira aðlaðandi. Einnig efla hverfakjarna.
- Mér finnst könnunin og orðalag spurning bera með sér að hún er hugsuð út frá hagsmunum meirihluta borgarstjórnar. Vantar spurningar og svör út frá þeirri gagnrýni sem raunverulega hefur komið fram. Hér hefði þurft að standa betur að verki faglega.
- Mikil ánægja hjá mér að kallað sé eftir skoðunum íbúa í tengslum við fyrirhugaðar breytingar
- Mætti huga að reyna að takmarka umferð um hverfin sjálf með þrengingum eins og gerðar voru á Grensásvegi en þyrfti að ganga lengra. Umferð á heima á stofnbrautum.
- Nei (nefnt af fjórum).
- Nú eru nokkrar íbúðir í byggingu við Bústaðaveg og nokkur langt komnar. Skelfilegt að sjá hvað húsin eru nálægt götunni og maður er svo gott sem staddur inn í stofu hjá fólki þegar maður keyrir fram hjá. Nánast að hægt sé að teygja sig í kaffikönnuna út um bílrúðuna og inn í stofu / eldhús. Mun vorkenna fólkinu sem þarna mun búa. Það hefði verið hægt að gera þetta öðruvísi.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Nú veit ég að ég ræð engu um þéttingu byggðar, en satt að segja hræðist ég hana og set stórt spurningarmerki við forgangsröðun borgarinnar. Væri ekki skynsamlegra, áður en ráðist er í það að þétta byggð og fjölga íbúum til muna á litlu svæði, að byrja á því að styrkja innviðina? Mér fallast hendur við það hvernig borgin hefur látið skólabyggingar grotna niður og ekki haldið þeim við, hvað er t.d. að gerast með Fossvogsskóla og Kvistaborg (og flestar gamlar skólabyggingar í Rvík)?! Ef borgin getur ekki ráðið við að byggja nýtt skólahúsnæði handa Fossvogsskóla, hvernig getur hún byggt endalaust af nýjum íbúðum? Skólahúsnæði allra grunnskóla í 108 eru í lamasessi og hafa þeir verið yfirsetnir í mörg ár (ég tala af reynslu sem fyrrverandi grunnskólakennari), of mörg börn í hverjum bekk (nema kannski í Hvassó) og ekki nægt starfsfólk. Þétting byggðar býður upp á enn meiri fjölgun í þessum grunnskólum sem þeir ráða engan veginn við. Og hvernig er hægt að tala um sundlaug í Fossvoginum þegar það er ekki einu sinni almennilegt húsnæði fyrir grunnskólann og leikskólann? Er ekki líka kominn tími á að endurnýja t.d. Laugardalslaug í stað þess að byggja nýja sundlaug? Pláss á hjúkrunarheimilum eru af skornum skammti, spítalarnir anna ekki eftirspurn, skortur er á almennilegum leiksvæðum fyrir börn og almenningsgörðum. Plús það að almenningssamgöngur eru í algjörum lamasessi, þær þarf stórlega að bæta strax í dag ef við ætlum ekki að fjölga bílum í hverfinu með þessari fjölgun íbúa. (Hvernig verður hægt að sporna við því að bílum verði lagt þvers og kruss í Heiðargerðinu, Kringlunni, Hvassaleiti, Safamýri o.s.frv. við alla þessar nýju blokkir). Þarf ekki líka að byrja á því að stuðla að vistvænni samgöngum, og gera bílaflotann okkar vistvænni? Af hverju ekki að ráðast í það fyrst að bæta það sem er fyrir er, í stað þess að troða inn nýjum byggingum og fleiri íbúum? Ég bjó sjálf í stórborg erlendis í 15 ár (naut þess að eiga ekki bíl og lifa umhverfisvænum lífstíl), einnig hef ég ferðast víða, og það besta við að koma aftur „heim“ til Rvíkur var að sjá aftur til fjalla og sjávar og hafa útsýni og gróður, ég féll í stafi í hvert sinn sem ég fór upp á hæðina hjá Réttó við að sjá Esjuna, og fannst æðislegt að sjá glitta í hana frá húsinu mínu (það verður nú ekki mikið lengur) og sjá bjarmann af Geldingadalaeldgosinu á hæðinni á Grensásvegi, svo ótrúlega þakklátt eftir að sjá endalausa húsveggi þar sem ég bjó erlendis. Enda hafði ég oft montað mig af því að yfirleitt væru byggð lág hús í Rvk, í mínum huga er Rvk sjávarþorp og það er sjarminn við hana (líka það sem erlendir ferðamenn hrífast af). Ef okkur vantar stórborg á Íslandi er nóg landsvæði til að byggja slíkt og skipuleggja vel fyrir utan höfuðborgarsvæðið, en að reyna að troða stórborg að erlendri fyrirmynd inn í sjávarþorp er ekki fyrir minn smekk. Öll þessi þétting byggðar í 108 og háar blokkir minna mig á Austur-Evrópu. Lýðheilsa okkar er í hættu ef við hættum að sjá til sólar í þann örstutta tíma sem hún lætur sjá sig í skammdeginu og ef við hættum að geta notið þess að sjá og upplifa náttúruna allt í kringum okkur. Það er nú þegar búið að eyðileggja miðbæinn og borgin er á góðri leið með að eyðileggja Vesturbæinn (ég flúði þaðan og aftur í 108 þar sem ég ólst upp) með því að troða byggingum á öll græn svæði og byrgja svo sýn allra sem þar búa til sjávar og fjalla með stórhýsum fyrir ríka fólkið við höfnina. Á nú líka að fara að eyðileggja 108? Svo ég tali nú ekki um klúðrið í Borgartúni! Erlendis eru háhýsin og þétt byggð í miðborginni sjálfri, en alltaf nóg af stórum almenningsgörðum, síðan býr fólk í úthverfum í lágum húsum með görðum, eins og 108 á að vera, það er úthverfi. Þétting byggðar á Íslandi er sérstaklega vandmeðfarin sökum veðurfars og lágrar sólarstöðu á Ísland, við sumarsólstöður er mesta sólarhæð um 47 gráður og við vetrarsólstöður 3 gráður þegar best lætur, því er mikilvægt að háar byggingar séu ekki byggðar á Íslandi því skuggavarp af þeim nær yfir gríðarlegt svæði. En fyrst ég ræð engu ætla ég bara rétt að vona og biðla til borgarinnar að búið sé að rannsaka þetta allt saman vel og í þaula og ekki sé verið að hanna þetta allt saman að erlendri fyrirmynd og af arkitektum sem hafa lært erlendis í löndum þar sem allar forsendur sem og veðurfar og sólstöður eru allt aðrar en hér á Íslandi.
- Spurningar leiðandi. Ekki alltaf gott að merkja við það sem maður styður eða er andvígur.
- Spurningar of einhliða og litaðar af frasastjórnun um grænar lausnir. Vantar alveg uppl. um notkun á græna lokinu á Kringlumýrarbraut og fyrirhuguð byggð á Veðurstofureit ekki sýnd á loftmyndinni. Verður blokk sett á lokið? Myndir of grófar til að hægt sé að átta sig á stærðum og loftmyndirnar fela vel skuggamyndun á byggð sem fyrir er. Í raun markleysa að svara svona (illa) unnum tillögum.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Tillögur hverfisskipulag birtar núna, gætu svo breyst. Átta mig ekkert á hvað eru næstu skref og óljóst hvenær uppfærðar tillögur koma þá fram ef svo.
- Úff erfitt að svara þessum spurningum, mjög einhliða skoðanir ekkert talað um græn svæði þau eru algjörlega látin víkja, og hver sækist eftir því að búa alveg ofan í bílagötu með börn t.d. mannfólkið þarf græn svæði og líka borgir sem þurfa að anda. annars er náttúrulega í lagi að þétta e-ð byggð en hjálpi mér, það þarf að vera skynsemi í þessu - meira græn svæði sérstaklega þegar rigning er að aukast - því bílarnir hverfa ekki fólk getur búið þétt en vinnan er kannski lengra í burtu, svo það er óraunhæft að fjöldinn hér í Reykjavík hætti alfarið að eiga bíl.
- Útbúa miklu fleiri græn svæði, gróðursetja mikið af trjám og byggja grashóla við götur sem gagnast sem hljóðmúrar.
- Villandi könnun. Mikilvægt að bæta innviði; stærri heilsugæslu eða bæta annarri við og fleiri og stærri leikskóla. Þetta ættu að vera forgangsmál borgarstjórnar sem lætur sér málefni íbúa varða. Án þjónustu er gjörsamlega tilgangslaust að þétta byggð. Það þarf að byrja á réttum enda.
- Væri mjög hlynnt þéttingu byggðar við Bústaðaveg ef hann yrði lagður í stokk frá Grensásvegi yfir að Réttarholtsvegi eða að minnsta kosti frá Grímsbæ. 1.Þarf hvort eð er að fara í miklar framkvæmdir þar vegna bygginganna 2.Torg á milli Garðaborgar og Grímsbæjar yrði mun farsælla ef Bústaðavegurinn væri ekki að skera það í sundur heldur myndi vera undir því. 3. Myndi tengja Bústaðahverfið og Fossvoginn mun betur - auðvelda gangandi og hjólandi umferð t.d. barna í Réttó úr Fossvogi og úr Bústaðahverfi í tómstundir í Fossvoginn. 4. Tel að slík framkvæmd myndi auka ánægju íbúa í hverfinu við þéttingu byggðar við Bústaðaveginn.
- Það er erfitt að svara könnuninni nema með mjög ónákvæmum hætti. Mér finnst þessar tillögur um byggingamagn þétta byggðina allt of mikið en væri t.d. hlynnt því að þétta byggð um ca. 1/4 af því byggingamagni. Mjög mikilvægt að stíga af þeirri braut sem fylgt hefur verið undanfarin ár að hús standi hvert ofan í öðru. Ætti að leggja áherslu á andrými og útsýni eins og hægt er.
- Það er mikil einföldun að telja að fólk sé á móti þéttingu byggðar út frá bílastæðum. Það er ýmis þjónusta sem er sprungin í hverfinu og því ekki pláss fyrir fleiri íbúa. Að sama skapi er verið að skemma möguleika á breikkun Miklubrautar til framtíðar (100 ár). Það vantar heilsteypt skipulag fyrir borgina og á ekki að fókusera svona á litla hluta í einu. Það vantar að besta umferðarflæði, þjónustur og fleira.
- Það er spurt að þessu allt of seint. Þéttingin er nú þegar hafin við Bústaðaveg og stefnir í samgönguslys.
- Það þarf að vera forsenda fyrir þéttingu byggðar við Bústaðaveg að hann hætti að vera stofnæð fyrir efri byggðir borgarinnar!
- Það þarf ekki alltaf að búa með nefið inni hjá nágrannanum, það er ekki slæmt að hafa smá rými á milli húsa og að það séu bílastæði við húsnæðin. Þegar grunnþjónusta er ekki í boði í hverfinu þá þarf að skutla börnum út um hvippinn og hvappin til sálfræðinga, sjúkraþjálfara, tannlækna, tannréttinga, barnalækna, augnlækna og margt margt fleira. Borgarlína er ekki að fara að redda þeim málum.
- Þessar hugmyndir um þéttingu byggðar eru fram úr hófi fáránlegar og óúthugsaðar og gera mann orðlausan .
- Þessi þétting byggðar á Bústaðavegi er einhver sú heimskasta tillaga sem ég hef heyrt. Miðbæjarbúar að skipuleggja úthverfi. Ég vona að Dagur B. Eggertsson og Samfylkingin hljóti afhroð í sveitarstjórnarkosningum.
- Þetta vinnulag virðist vera í góðu lagi.
- Þétting byggðar er vel hægt að framkvæma án þess að kaffæra eldri byggð. Þessar hugmyndir eru hræðilegar.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

**Fossvogshverfi – Blesugróf:**

- Bæta hljóðvörn frá Kringlumýrarbraut verulega.
- A.m.k. ein spurningin er villandi.
- Alltaf bæta samgöngu leiðir frekar en að bæta vegi fyrir bíla. Þá er hægt að nýta meira svæði í byggingu fasteigna þ.e. fólk verður hlynntari því að vera bíllaus ef það er önnur góð og hagkvæmari lausn
- Áhyggjur af að komast heim og að heiman þegar/ef fjöldi ibúa eykst í hverfinu. Þegar er mikil skortur á bilastæðum. Hjólaði allt, allt árið þegar var ung, get það ekki lengur. Ákvað að flytja í “fullbyggt” hverfi, kvíði hávaða og ónæði sem fylgir fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Engar spurningar um Blesugróf.
- Erfitt var að skoða þetta á myndum en plís ekki þrengja göturnar, þetta er nú þegar þröngt og við búum á Íslandi og allir eru á bílum.
- Ég er ekki frá því að ráðafólk við stjórn Reykjavíkur ætti að leita sér sálfræði og/eða geðlækinga. Þessar hugmyndir um þéttingu byggðar eru algerlega galnar! Nú þegar er erfitt að ferðast um borgina. Það væri nær að sinna almennu hreinlæti borgarinnar (endurlífga hreinsunardeild borgarinnar) og lagfæra götur og gangstéttar svo fólk, gangandi, hjólandi, hlaupandi og á rafskutlum geti farið leiðar sinnar áfallalítið eða áfallalaust. Það væri nær að sinna almennu viðhaldi samgangna og annarra eigna borgarinnar áður en haldið er áfram með þessa þéttingar GEÐVEIKI.
- Ég er hlynnt þéttingu byggðar við Bústaðaveg en bara alls ekki byggingarmagninu. Ég bý í Keldulandi og vil ekki hafa nýja blokk alveg ofan í okkur. Ég er spennt að fá blokk á milli okkar og Bústaðavegs til að loka á hann. En fórnarkostnaðurinn má ekki vera að þetta verði troðið. Mér finnst að bilið milli blokka ætti ekki að vera minna en milli annarra blokka í hverfinu. Ég er líka spennt að fá meiri þjónustu í hverfið, t.d. Fiskibúð eða Veganbúð. Helst tónlistarskóla því ég þarf að skutlast 3x í viku á Engjateig svo börnin komist í tónlistarskóla. Mér finnst hús eins og það sem er á Miklubraut 36 vera passlegt og fallegt og falla vel að hverfinu. Það er mjög mikilvægt að ný hús passi í hverfið. Það má ekki skemma með því að stinga í stúf. Má ekki láta byggingar öðru megin við Bústaðaveg duga? Ég held að það sé of troðið að byggja báðum megin.
- Ég væri til í að sjá torg eða þyrpingu lágra húsa sunnan megin við Grímsbæ með kaffihúsi og þjónustu fyrir íbúa.
- Fá sundlaug í hverfið
- Finnst að það ætti að setja Miklubraut í göng í gegnum Háaleitishæðina og þá væri mjög auðvelt að byggja þétt á allri hæðinni og hafa venjulegar íbúðahverfisgötur.
- Finnst þær tillögur sem eru kynntar fyrir íbúum í þessu mjög lítilfjörlegar og ótrúverðugar. Hér á greinilega ekki að gera neitt en þyrla upp ryki með illa útfærðum tillögum um íbúðabyggingar við Bústaðaveg sem eru á einkalandi og þar af leiðandi óframkvæmanlegar. Ekkert á í raun að gera.
- Flestir þeirra sem ég tala við er fylgjandi uppbyggingu í hverfinu. Endilega láta ekki háværan minnihluta stýra umræðunni
- Frábært að fá tækifæri til að tjá hug sinn með könnun, því annars er hætt við að aðeins heyrist í þeim sem hafa hæst - mér liggur við að segja öskra hæst. Þetta eru prýðilegar tillögur sem má vel útfæra þannig að sómi verði af og enn betra líf i þessu frábæra hverfi.
- Hvar á fólk að leggja bílum???
- Illa kynnt íbúum áður en áætlanir eru birtar.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Í hverfinu eru lóðir þar sem þétta má byggð, t.d. neðan við Fossvogsveg og hjá Sprengisandi. Alger óþarfi að leggja áherslu á þéttingu á lóðum sem varla teljast lóðir í dag þar sem nú eru hitaveitustokkar og göngustígar og græn svæði.
- Könnun skiptir litlu máli, Reykjavíkurborg hefur engan áhuga á að vita hvað fólk vill - þeir fara bara sýna leið þó svo allir séu á móti
- Könnunin sjálf er nothæf að vissu marki þó er leiðandi svar við hluta spurninga. Tillögur höfunda m.a. um þéttingu byggðar við Bústaðaveg og Miklubraut eru í takt við þéttingu byggða og áralanga aðför Borgarstjóra að bílum og umferðartöfum um nánast alla borg. Tillögurnar um þéttingu t.d. við Bústaðaveg eru nánast ekki umræðuhæfar. Við íbúar hér í dalnum höfum fengið að finna fyrir miklum óþægindum t.d. vegna þrengingar Grensásvegar við að komast leiðar okkar upp úr dalnum inn á Bústaðaveg til vesturs. Frárein af einbreiðum Grensásvegi inn á Bústaðaveg til vesturs var ekki gerð sem tefur mikið fyrir umferð upp úr dalnum heldur voru settir upp á hornið tveir bekkir af hefðbundinni stærð bekkir sem "svarandi" hefur aldrei séð nokkurn mann setjast á. Miklar bygginga framkvæmdir við Furugerði nánast ofan í þessari miklu umferðaræð Bústaðavegi eru nú þegar farnar að sýna okkur íbúum þessara hverfa hvort sem er sunnan eða norðan Bústaðavegar á hvaða villigötum Borgarstjórinn sem hefur stýrt þessum skipulags breytingum hefur komist upp með nánast almennt í óþökk og algjörri andstöðu þorra íbúa (borgarbúa) að þrengja svo almennt að umferð bíla að óásættanlegt er. Tilgangslaust er fyrir borgarbúa að eyða tíma sínum í að taka þátt í samræðu og samstarfi við við Borgarstjóra. Reynslan hefur sýnt að nánast ekkert tillit er tekið til óska og hugmynda íbúa borgarinnar um nærumhverfi sitt .
- Leggja Bústaðarveg í stokk- það er eina vitið - og þá eru þessar tillögur um þéttingu byggðar auðseldar!
- Með því að þétta byggð verður ómögulegt að breikka Miklubraut í framtíðinni
- Mér finnst þurfa að huga að umferð gangi betur og hætt að gera alla þessa hjólastíga eins og í Hæðargarði. Þar er búið að gera hjólastíg við hitaveitustokkinn og það eykur bara á hættuna.
- Mér fyndist nær að byggja fjölbýlishús austan við Réttarholtsskóla sitt hvoru megin við hitaveitustokkinn. Þar er grænt svæði núna sem er lítið sem ekkert notað. Þetta svæði er hátt uppi og því myndu fjölbýlishús þarna ekki skyggja á neinn.
- Mér finnst spurningarnar ekki nægilega vel unnar. Þær eru leiðandi og takmarkandi fyrir skoðanir sem fólk kann að hafa á þessum málum.
- Mér finnst þéttingarumræða sérstök, byggja á grænum svæðum í dag en leggja síðan áherslu á að halda í græn svæði. Einnig þarf að horfa til þess að borgarskipulag hlýtur að snúast um að dreifa atvinnuhúsnæði þannig að það verði jafn flæði fólks um borgina. Það á ekki að miða við að allir vinni í 101.
- Mér líst mjög vel á þessar tillögur í heild sinni, en eitt sem ég hef áhyggjur af er leikskóla- og skólapláss. Nú þegar er mjög erfitt að fá pláss á leikskóla í hverfinu og börn eru að komast mun seinna inn hjá Reykjavík (sérstaklega í okkar hverfi) heldur en til dæmis í nágrannasveitarfélögum. Einu tillögur sem ég hef séð varðandi leikskólamál er að bæta gámahúsum tímabundið við leikskóla sem eru nú þegar til staðar og ég er hrædd um að það sé ekki nægilega góð lausn, því nú þegar er skortur á leikskólaplássum, hvað þá ef íbúum fjölgar mikið. Ég kalla því eftir frekari lausnum frá borginni varðandi þetta.
- Nauðsynlegt að bæta innviði, skólahúsnæði og leikskóla samhliða fjölgun íbúa
- Nei (nefnt af fimm).
- Ný hús sem teiknuð eru inn á myndina neðan við Bústaðaveg komast ekki fyrir. Þau eru byggð á götunni og bílastæðunum sem eru fyrir, upp við hin húsin (sjá mynd austast í Gautlandi). Ef raunhæf mynd hefði verið teiknuð sem sýndi hönnun sem kæmist fyrir hefði maður getað verið jákvæður en þetta fór með tillöguna í heild :(
- Skil ekki vel “ Vistlok” við Veðurstofuhæð.
- Skortir skýrari framtíðarsýn og lengra fram í tímann.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Stendur sökum skorts á bílastæðum en mér finnst og veit að fleiri vilja ekki búa svona nálægt mikilvægri umferðargötu. Það er ekki barnvænt. Það þarf líka að lækka íbúðaverð í stað þess að byggja bara og byggja
- Styð þéttingu byggðar við Bústaðaveg og að breyta honum í meiri íbúðargötu en hann er í dag. Lykilatriði hérna væri að loka gatnamótunum við Sprengisand svo gegnumstreymi umferðar myndi hætta. Að byggja fjölbýlishús alveg ofan í Miklubrautinni get ég ekki stutt. Þetta er lífæð í gegnum borgina og tel ég ekki skynsamlegt að þrengja að henni, bæði vegna hljóðmengunar fyrir íbúa í nýju fjölbýlishúsunum og líka takmarkar það mögulega stækkun á umferðarmannvirkjum í framtíðinni. Ef byggður væri stokkur á þessu svæði væri hins vegar kjörið að byggja þarna og spurning hvort þessar byggingar gætu ekki fjármagnað stokkinn?
- Svakalega illa staðið að kynningu á þessu.
- Svarmöguleikar eru of fáir og fyrir vikið eru svarmöguleikar leiðandi. Þrátt fyrir óskir starfsmanna borgarinnar er það staðreynd að hverfiskjarnar eru ekki til í Bústaðahverfinu.
- Sýnist þessar tillögur afskaplega illa ígrundaðar og til þess fallnar að spilla ásýnd borgarinnar
- Tillagan við Bústaðaveg var mjög illa kynnt.
- Tillögur um "vistlok" og göngubrautir á hitaveitustokk eru einfaldar skissur sem maður getur ekki tekið afstöðu til, af eða á.. Er almennt hlynntur lagfæringu á göngustígum, eins og við hitaveitustokkinn, en minni á að göngustígar í Fossvogshverfi eru víða illa við haldið.
- Vantar spurningu um t.d. hvort svarendur væru hlynntir eða andvígir að skoðaðar yrðu aðrar útfærslur en fram hafa komið. Af hverju er t.d. ekki skoðað að fara með Bústaðaveg og Réttarholtsveg að hluta ofan í jörðina og sameina hverfishlutana þannig. Þannig mætti t.d. byggja ofan á Bústaðavegi.
- Virkilega áhugaverðar hugmyndir að þéttingu byggðar sem ég tel að sé nýjum og núverandi íbúum til bóta.
- Þegar spurt er um þéttingu þá er hún alltaf gríðarlega mikil. Svo mikil að minnkar lífsgæði fólks eins og birtu og andrými. Eins er ekkert fjallað um stöðu skóla og leikskóla að ég tali nú ekki um stöðuna hjá heilsugæslunni sem er komin í óefni. Þar benda fulltrúar meirihluta í borginni á ríkið og þar með eru þeir alls ekki með hag íbúanna í huga. En þetta er allt í takt við framgöngu þeirra í Fossvogsskólamygluna. Það er alvarlegt að hafa á samviskunni að svifta börn heilsunni og mörg þeirra til framtíðar neita svo að hlusta sbr. tölvupóstur Péturs sérlegs aðstoðarmanns Dags B. Eggertssonar.
- Þessar hugmyndir eru hreint og klárt ofbeldi gagnvart núverandi íbúum „byggðar“ ofan í umferðargötum skerðir möguleika á þróun almenningssamgangna í framtíðinni.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

**Háleiti - Múlar:**

- Bara eindregin tilmæli að hlusta á íbúa, ekki setja aldursfordóma við úrvinnslu á viðbrögðum eins og lesa mátti í viðtölum við kynningarfulltrúar á skipulaginu.
- Byggingamagn í kynntum tillögum er allt of mikið.
- Ef tillögur væri ekki svona hrikalegar og miklar eitthvað held ég að einhverjir gæti verið hlynntari. Þetta er svo allt of mikið af öllu og troðið og ég fæ innilokunarkennd að hugsa til þess að búa á svæði þar sem ekkert andrými er og ég myndi ekki lengur sjá fjöllin.
- Ekki meiri þétting er mín skoðun, falleg hverfi sem óþarfi er að eyðileggja með því að þröngva húsum þar sem hægt er. Leyfa grænum svæðum og húsunum sem eru fyrir að njóta sín.
- Er ekki upplagt að koma fyrir smáhýsum fyrir þá sem þurfa þannig búsetu.
- Flott könnun.
- Hef búið í hverfinu í tæp 9 ár, hef ekki hugmynd um hvar þessi hitaveitustokkur er, aldrei heyrt um hann og myndin hjálpaði ekkert.
- Hún er sett fram með stalíniskum hætti, annars vegar ert þú með bílaumferð og þá um leið á móti umferð gangandi og hjólandi. Þessi könnun sýnir hversu vanhæft fólk stýrir skipulagsmálum borgarinnar, einhliða áróður á móti bílaumferð mótar alla hugsun þeirra er þar ráða. Sjúklegt hatur þessara manna eiga sér engin takmörk í þessu efni. Vildi gjarnan segja meira.
- Í Álftamýri við Miklubraut er grænt óbyggt svæði við hliðina á Álftamýraskóla þar sem fyrirhugað er að byggja raðhús eða fjölbýlishús, ég er algjörlega á móti því. Þar sem verslunin Víðir var áður í Starmýrinni er nú verið að byggja fjölbýli, ég er gjörsamlega á móti því, framkvæmdin var illa kynnt og fjöldi fólks búsett í Álftamýrinni varð ekki vör við kynninguna og gat þar af leiðandi ekki mótmælt fyrirhugaðri framkvæmd á sínum tíma. Þetta er gjörsamlega óásættanlegt.
- Má koma því á framfæri við borgina að þetta verkefni er ILLA kynnt. Við fengum bækling frá borginni þar sem útlistað var hvað gert hefði verið á kjörtímabilinu, en allt varðandi framtíðina og hverfaskipulag var gert á netinu og maður þurfti að sækja sér þær upplýsingar. Ég hefði haft miklu meira gagn af því að fá bækling með tillögunum og dagskrá kynningarfunda og göngutúra um hverfið, ég missti af þeim því mér datt ekki í hug að fara inn á vef borgarinnar og sækja mér upplýsingar þaðan. Það er því mjög stuðandi þegar borgin hamrar á að þetta sé vel kynnt og unnið í samráði við borgarana,
- Mér finnst eigi að leggja mikla áherslu á að minnka hljóðmengun í hverfinu, sérstaklega þar sem ráðgert er að byggja nýjar byggingar nánast upp við stórar umferðagötur. Ég er hlynnt þéttingunni en ég sjálf myndi aldrei vilja búa í þeim íbúðum sem eru næst götum með hámarkshraða meiri en 40 km/klst.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Mér líst illa á að byggja í "vannýttum" görðum fjölbýlishúsa. Fyndist miklu nær að stuðla að nýtingu garðanna, matjurtaræktun, t.d. kartöflur og berjarunnar sem er auðvelt og þarf litla umhirðu. Eins að auka trjá-og runnarækt og gera garðana fýsilegri til notkunar. Fólk í fjölbýlishúsum á flest nóg með að láta enda mætast við mánaðamót, og er tregt til að taka lán til dýrra framkvæmda. Ég myndi umsvifalaust flytja annað ef þetta skipulag (með gríðarlegri þéttingu byggðar, m.a. í fjölbýlisgarðinum mínum) nær fram að ganga. Mér finnst vera byrjað á öfugum enda hér. Það þarf að byggja innviði eins og strætókerfi sem er notendavænt, þ.e. hefur stoppistöðvar í minna en 10 mínútna göngufæri, og miðaverð sem er aðlaðandi - öfugt við það sem nú er. Strætó er innviður og á ekki að vera hagnaðardrifið fyrirtæki - á í raun alls ekki að þurfa að standa undir sér. En til þess að gera almenningssamgöngur fýsilegan kost í þessu erfiða allra-veðra-landi þarf að lækka kostnaðinn það mikið að allir sjái að það borgar sig að taka þá leið. Loftslagsmálin eru stórmál og þessi fyrirhugaða þétting byggðar mun að mínu mati alls ekki hjálpa til við að minnka okkar stóra hlut í því vandamáli, þvert á móti. Ræktun hins vegar myndi gera það sem og alvöru almenningssamgöngubætur og t.d. nýting á lífrænu sorpi. Það er mér óskiljanlegt hvers vegna Reykjavíkurborg getur ekki tekið við lífrænu sorpi, þó slíkt sé gert annars staðar bæði erlendis og t.d. á Akureyri. Við erum hér á höfuðborgarsvæðinu með ótal mismunandi kerfi á flokkun fyrir sorp. Þetta hlýtur að vera rosalega dýrt og er í raun heimskuleg sóun í sjálfu sér (svo ekki sé minnst á hrakfallasögu Sorpu sjálfrar). Eitt atriði enn í þéttingu byggðar er ónæðið og óþrifin af að búa í nábýli við byggingarsvæði. Það er rosalegt álag. Og það er hreinlega ekki í lagi að bæta meiru við það sem þegar er nánast óbærilegt: langur vinnutími, slakar og fokdýrar almenningssamgöngur, slælegt skipulag á sorpmálum og endurvinnslu, og mikið álag á fjölskyldufólk. Innviðirnir þurfa að vera í lagi áður en byggð þéttist - og það þarf að gæta meðalhófs í því sem öðru! Kveðja!
- Mikilvægt er að auka hljóðvarnir meðfram Kringlumýrarbraut og Miklubraut.
- Nei (nefnt af tveimur).
- Nei, nei en þessi borgarlína! :(
- Síðumúli er illa nýtt og ljótt iðnaðarsvæði, nú þegar er búið að samþykkja breytingar og fólk flutt inn í nýtt hús í Síðumúla en það er mikil truflun á næturnar af starfsemi í kring svo sem pókerklúbb, bar og ground zero, fólk safnast saman, drekkur áfengi og neytir eiturlyfja, það er óásættanlegt að þétta byggð án þess að gera ráð fyrir fólkinu sem mun svo búa þar, verslanir og önnur þjónusta er ekki sambærilegt við bari, óleyfisskylda pókerklúbba eða tölvuleikjasali sem valda hávaða og óþægindum um miðjar nætur alla daga vikunnar.
- Stefna borgarinnar um þéttingu byggðar er komin út í öfgar. Samkvæmt erlendum könnunum er þétting byggða röng stefna og mun leiða til verri lífsgæða borgarbúa. Aukin áhersla á græn svæði auka hins vegar lífsgæðin.
- Stokkur er mjög kostnaðarsöm aðgerð sem enginn ástæða er til að ræða því hún verður aldrei framkvæmd nema í litlum mæli. Það verður að leysa þau vandamál sem stokkur á að leysa öðruvísi. Meira að segja eru göng ódýrari þó dýr séu.
- Vantar fleiri spurningar um tillögurnar.
- Vil hafa græn svæði fyrir börn og fullorðna að njóta
- Það að hækka blokkirnar og bæta við lyftu er góð hugmynd en að láta húsfélög fjármagna það er óraunhæft. Ef að borgin mundi hins vegar fjárfesta í þessu - sem sagt að borga framkvæmdir til að bæta við hæð og lyftu þá mundu húsfélögin líklega samþykkja það þar sem þau græða lyftu á því og svo gæti borgin selt íbúðirnar og komið út í plús, en húsfélög eru ekki fjárfestingarfélög. Það fengist aldrei 100% samþykki og ekkert mundi gerast.

# Sp. 17. Að lokum, er eitthvað varðandi efni könnunarinnar sem þú vilt koma á framfæri?

- Það er ekkert val, annað hvort er bara settar milljón blokkir eða engar. Það hlýtur að vera einhver millivegur. Það er ekki að segja bara öllum að hjóla, það þarf að efla almenningssamgöngur líka. Flestir eiga bíla í dag og verður þannig næstu árin. Við búum á landi sem er ekki með besta veðrið þannig að þú vilt ekki hjóla og vera rennblautur þegar þú kemur á áfangastað
- Það eru ekki skólar, leikskólar eða bílastæði fyrir alla þessa þéttingu. Það væri gaman að heyra í hvaða skóla börnin eiga að fara nema þetta verði allt fyrir 65 ára og eldri.
- Það þarf að setja Miklubraut í stokk frá Grensás að Snorrabraut og síðan skipuleggja þéttingu út frá því.
- Þetta er allt of grunn könnun og ég vona að þessi hún verði ekki notuð sem réttlæting fyrir afleitum hugmyndum þar sem þéttingin er allt of mikil. Til dæmis virðast þau sem unnu þessar hugmyndir ekki hafa kynnt sér sögu breytinga sem þegar hafa verið leyfðar, án þess að hlustað hafi verið í rök íbúa í nærumhverfi sem voru á móti. Reynsla af samskiptum við skipulagsyfirvöld gera mann skíthræddan við þessar hugmyndir. Til dæmis eins og það að færa húsfélögum það vald að skerða verulega lífsgæði í lágreistara húsnæði nærri íbúðablokkum. - Þetta er galið. - Og auðvitað munu íbúar í þessum blokkum taka jákvætt í þessar hugmyndir enda má segja að verið sé að bera fé á fólk gegn því að byggð verði þétt. Enda er í kynningu talað um þetta sem "falinn gimstein".
- Þetta er mjög gott eins og þetta er í dag.
- Þetta eru hörmulegar og skaðlegar tillögur.

# Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 217 | 27,6 | 3,1 |
| Frekar hlynnt(ur) (4) | 356 | 45,3 | 3,5 |
| Hvorki né (3) | 133 | 16,9 | 2,6 |
| Frekar andvíg(ur) (2) | 61 | 7,8 | 1,9 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 19 | 2,4 | 1,1 |
| Hlynnt(ur) | | 72,9 | 3,1 |
| Hvorki né | | 16,9 | 2,6 |
| Andvíg(ur) | | 10,2 | 2,1 |
| Fjöldi svara | 786 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 786 | 69,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 350 | 30,8 | |
| Fjöldi aðspurðra | 1.136 | 100,0 | |
| Spurðir | 1.136 | 95,8 | |
| Ekki spurðir | 50 | 4,2 | |
| Fjöldi svarenda | 1.186 | 100,0 | |
| **Meðaltal (1-5)** | 3,9 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefninu. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur)(fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

**Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)**
Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefninu. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefninu en mjög hlynntir því.

Dæmi

**Greiningar og marktekt**
Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 28% karla eru mjög hlynntir málefninu á móti 59% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjörnumerktur, eins og í tilfelli kynja spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu.
Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktektar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að konur eru hlynntari málefninu en karlar og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir kyni eigi sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).
Lengst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal kvenna hefur lækkað um 0,2 stig frá síðustu mælingu (er nú 4,0 og var síðast 4,2). Stjörnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að konur séu nú að jafnaði síður hlynntar málefninu en þær voru í síðustu mælingu.



# Vigtun

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði með tilliti til kyns og aldurs. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitöflum.

**Hlutfall svarenda fyrir vigtun:**

| | |
|---|---|
| **Kyn:** | |
| Karlar | 50,0% |
| Konur | 50,0% |
| **Aldur:** | |
| 18-29 ára | 10,6% |
| 30-39 ára | 13,5% |
| 40-49 ára | 16,0% |
| 50-59 ára | 17,5% |
| 60-69 ára | 25,0% |
| 70 ára eða eldri | 17,3% |

**Hlutfall svarenda eftir vigtun:**

| | |
|---|---|
| **Kyn:** | |
| Karlar | 48,9% |
| Konur | 51,1% |
| **Aldur:** | |
| 18-29 ára | 21,3% |
| 30-39 ára | 18,2% |
| 40-49 ára | 15,4% |
| 50-59 ára | 14,1% |
| 60-69 ára | 13,5% |
| 70 ára eða eldri | 17,7% |